

Barnavernd Reykjavíkur- fósturbörn



Árið 2011:

- œ Börn í varanlegu fóstri : 93
- œ Börn í tímabundnu fóstri : 67
- œ Börn í styrktu fóstri: 17
- œ Börn vistuð skv. 84. gr. : 57

Ferli fósturmála



- ☞ Samþykki forsjáradila
- ☞ Yfirlýsing forsjárlaus foreldris
- ☞ Barni boðinn talsmaður
- ☞ 15 ára og eldri boðin aðstoð lögmanns
- ☞ Meðferðaráætlun
- ☞ Úrskurður ef ekki næst samvinna
- ☞ Sótt um til Barnaverndarstofu, greinargerð og umsóknareyðublað
- ☞ Leit hafin af fósturforeldrum
- ☞ **Samband við skóla í sveitarfélagi fósturheimilis**
- ☞ Farið í heimsókn með foreldrum og barni, aðlögun
- ☞ Fóstursamningur og tilkynning um gerð fóstursamnings til Barnaverndarstofu
- ☞ Fósturáætlun
- ☞ Heimsóknir á fósturheimilið
- ☞ Heimakoma undirbúin
- ☞ Lokun máls/varanlegt fóstur?

Samband við skóla í sveitarfélagi fósturheimilis



- ☞ Skylda starfsmanns BR er gagnvart barninu sem um ræðir og áhersla á líðan þess og hagsmuni.
- ☞ Haft samband við skólastjórnendur og mál barnsins kynnt. Upplýsingar frá heimaskóla barnsins.
- ☞ Beðið eftir svari frá skóla.
- ☞ Sótt um skólavist í sveitarfélagi utan lögheimilis til Skóla- og frístundasviðs. Sótt um greiðslur vegna stuðnings við barn sem er með sérþarfir, ef við á.
- ☞ Fundur í skóla með barni og fósturforeldrum.
- ☞ Skólavist hefst.
- ☞ Reglulegir samráðsfundir ef við á.

Stundum gengur ekki vel.....

Hindranir



- ☞ Drengir sem eiga sögu um mikla erfiðleika í skóla og brotna skólagöngu.
- ☞ Þegar slík mál eru kynnt kemur oft synjun frá skóla í sveitarfélagi fósturheimilis.
- ☞ Dæmi er um skriflega synjun um skólavist frá Fræðslunefnd í viðkomandi sveitarfélagi.
- ☞ Starfsmenn hafa þurft að vísa máli til Menntamálaráðuneytis vegna synjunar um skólavist þar starfsmenn telja að um lögbrot sé að ræða.
- ☞ Oft er löng bið eftir skólavist þegar barnið er komið á fósturheimili.
- ☞ Börn fara oft í fóstur á sumartíma þegar skólar eru lokaðir.
- ☞ Starfsmenn upplifa oft neikvæðni og fordóma í garð fósturbarna þegar sótt er um skólavist.
- ☞ Starfsmenn upplifa einnig fordóma í garð fósturforeldra.

Það gengur líka vel.....



- ✎ Í flestum tilfellum eru skólarnir nokkuð stórir.
- ✎ Í flestum tilfellum er um að ræða yngri börn með minni erfiðleika.
- ✎ Jákvætt viðhorf gagnvart fósturbörnum í skólanum og sveitarfélaginu.
- ✎ Sum staðar virðist vera hefð að hafa fósturbörn og þeim sinnt vel.
- ✎ Gott samstarf fósturheimilis og skóla.

Samvinna BR við skóla í Reykjavík.



- ☞ Starfsmenn BR eru tenglar í Þjónustumiðstöðvum og hittast reglulega á samráðsfundum með skólasálfræðingum og aðila í nemendaverndarráði.
- ☞ Reglulegir samráðsfundir með hverjum skóla einu sinni á önn frá 2008. Farið yfir einstaklingsmál og mál tengd skóla.
- ☞ Allir sammála um mikilvægi samráðsfunda.
- ☞ Í hverju einstaka máli er oftast kveðið á um samstarf við skóla barns í meðferðaráætlun skv. Barnaverndarlögum. Algengt að haldnir séu reglulegir fundir með skóla og foreldrum.